

## Breytingar á lögum KKÍ greinar 5, 6 og 10 og ný grein

~~Yfirstríkað fellur út og undirstrikað kemur inn.~~

### 5. grein

Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksíðkenda hjá hverju körfuknattleikfélagi eða körfuknattleiksdeild og skal miðað við íðkendatölur ÍSÍ árið á undan þannig að fyrir allt að ~~50~~ 100 íðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja ~~50~~ 100 eða brot úr ~~50~~ 100 fram yfir það.

Héraðssambönd og Íþróttabandalög sem hafa körfuknattleik íðkaðan innan sinna vébanda skulu eiga rétt á 1 fulltrúa á körfuknattleiksþing.

Þingið skal halda ~~í mánánuði~~ á tímabilinu ~~mars-maí~~ annað hvert ár. Stjórn KKÍ skal boða bréflaga til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst þrem (3) vikum fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi einni viku fyrir þing.

Körfuknattleiksþingið er lögmaett, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Heimilt er að körfuknattleiksþing sé pappírslaut þing sé hægt að koma því við.

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en þremur (3) vikum fyrir körfuknattleiksþing og skal nefndin leggja fram tillögur til körfuknattleiksþing um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

### Greinargerð

Samkvæmt nýjum lögum ÍSÍ þá hafa núna körfuknattleiksfélög og deildir beina aðild að sérsamböndum eins og verið hefur undanfarin ár. Önnur sérsambönd hafa gengið þetta skref áður þannig að nú munu körfuknattleiksfélög og eða körfuknattleiksdeildir eiga sína fulltrúa á körfuknattleiksþingi og ekki þá í gegnum Íþróttabandalag eða Héraðssamband.

Íþróttabandalag og Héraðssambönd munu eiga rétt á einum fulltrúa á þing og hafa þannig áfram aðkomu að körfuknattleiksþingi.

Með breytingunni á fjölda þingfulltrúa hefur hvert og eitt félag/deild beina aðkomu að þinginu.

Einnig er verið að rýmka fyrir hvenær hægt er að halda körfuknattleikþing ekki festa það eingöngu við mánánuð.

Með því að hafa þing pappírslaut er hægt að lágmarka kostnað við þinghald

**6. grein**

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Kjörbréf skul send til aðildarfélaga þremur (3) vikum fyrir þing og skuli aðildarfélög skila inn kjörbréfum útfylltum til skrifstofu KKÍ viku fyrir þing.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og varastjórn KKÍ
- b) Endurskoðendur KKÍ
- c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d) Framkvæmdastjórar KKÍ og ÍSÍ
- e) Allir nefndarmenn fastanefnda KKÍ
- f) Dómarar dómstóla áfrýjunardómstóls KKÍ
- g) Fulltrúi ~~Menntamálaráðherra~~. Mennta- og menningarmálaráðherra
- h) Einn fulltrúi Körfuknattleiksdómarafélags Íslands
- i) Einn fulltrúi Körfuknattleiksþjálfarafélags Íslands

**Greinargerð.**

Með þessu móti er hægt að sjá fjölda þingfulltrúa og undirbúingsvinna fyrir körfuknattleiksþing gengur öllu betur.

Breyting hefur verið gerð á nafni þess ráðuneytis sem fer með íþróttamál

Körfuknattleiksþjálfarafélagið var stofnað/endurvakið sumarið 2009

**10. grein**

Stjórn KKÍ skal strax að loknu körfuknattleiksþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd

Dómaranefnd

~~A-landslíðsnefnd karla~~

~~A-landslíðsnefnd kvenna~~

Unglinganefnd

Afreksnefnd

Fjárhagsnefnd

Fræðslunefnd

Siðanefnd

Hver nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

Stjórn KKÍ skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn KKÍ til staðfestingar. Nefndir KKÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag, nema stjórn KKÍ ákveði annað í skipunarbréfi. Stjórn KKÍ skal boða formenn nefnda og fulltrúa dómara eða þjálfara á stjórnarfundum þegar þurfa þykir eða þeir óska þess.

**Greinargerð**

Landsliðsnefndir í núverandi mynd eru lagðar niður og útbúin ein afreksnefnd sem hefur yfirsýn yfir allt afreksstarfið frá fyrsta stigi og uppúr.

Landsliðsnefndir áttu að safna fjármunum fyrir verkefnum og gátu því oft á tíðum minna einbeitt sér að afreksþættinum. Afreksnefndin á ekki að vera í því að safna peningum þar sem stjórn KKÍ mun tryggja henni ákveðna upphæð til að nýta á hverju ári og svo er það afreksnefndar að forgangsraða. Fjárhagsnefnd mun aðstoða við gerð fjárhagsáætlunar og fylgjast með rekstri sambandsins ásamt því að aðstoða við fjármögnun KKÍ eins og t.d að fá fleiri fyrirtæki sem samstarfsaðila KKÍ.

Siðanefnd verður til nú eftir vinnu á vegum ÍSÍ og er mikilvægt fyrir samtök eins og KKÍ að hafa siðanefnd sem sér til þess að siðareglur séu virtar.

Siðareglur KKÍ verða kynntar á formanni haustið 2011

Ný grein í lögum KKÍ

**20.grein**

Aðildarfélög KKÍ skulu tilkynna skrifstofu KKÍ tímasetningu aðalfundar með minnst viku fyrirvara.

Að loknum aðalfundi aðildarfélags skal aðildarfélag senda innan þær breytingar sem urðu á stjórn í síðasta lagi tveim vikum eftir aðalfund.

~~20.grein~~-verður **21.grein**

~~21.grein~~-verður **22.grein**

Greinargerð.

Körfuknattleikur er útbreidd íþrótt á Íslandi og mörg aðildarfélög að KKÍ. Því miður gerist það of oft að skrifstofa KKÍ veit ekki af breytingum sem verða á stjórnnum aðildarfélaga og getur þá orðið erfitt að koma upplýsingum frá KKÍ til réttra aðila

Stjórn KKÍ

Vísað til:

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

Afgreitt:

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Verði lagabreytingar á 10. grein laga KKÍ samþykktar af körfuknattleiksþingi er tillaga um eftirfarandi reglugerðarbreytingar**

Yfirstríkað fellur út og undirstrikað kemur inn.

**Reglugerð fyrir A-landsliðsnefndir**

1. A-landsliðsnefnd karla skipa 3 aðilar skipaðir af stjórn KKÍ. A-landsliðsnefnd kvenna skipa 3 aðilar skipaðir af stjórn KKÍ. Landsliðsnefndir koma með tillögu að ráðningu landsliðsþjálfara til stjórnar KKÍ.
2. Landsliðsnefndir koma með tillögur til stjórnar KKÍ um landsleiki, svo og þátttöku í mótum.
3. Stjórn KKÍ skal tryggja landsliðsnefndum ákveðna upphæð til starfsemi nefndanna.
4. Stjórn KKÍ skal setja nefndunum erindisbréf, þar sem ákveðið er fyrirkomulag þeirra mála sem ekki eru ákveðin í lögum og reglugerðum KKÍ.

**Reglugerð fyrir unglínganefnd**

1. Stjórn KKÍ skipar 5 fulltrúa í unglínganefnd og einn þeirra sem formann.
2. Unglínganefnd sinnir málum sem snúa að unglíngalandsliðum og körfuknattleik yngri flokka á Íslandi.
3. Unglínganefnd leggur tillögur um verkefni unglíngalandsliða og ráðningu unglíngalandsliðsþjálfara fyrir stjórn KKÍ.
4. Unglínganefnd tilnefnir fararstjóra og sjúkrapjálfa í ferðir og aðstoðar unglíngalandsliðsþjálfara við skipulagningu, utanumhald hópa og undirbúning verkefna.
5. Unglínganefnd hefur umsjón með afreks- og uppbyggingarverkefnum sem snúa að yngri flokkum.

**Reglugerð um afreksnefnd**

1. Afreksnefnd skal skipuð fimm einstaklingum – í nefndinni skulu sitja þrír stjórnarmenn KKÍ sem stjórn skipar á fyrsta fundi eftir körfuknattleiksþing. Aðra nefndarmenn skipar stjórn einnig. Formaður nefndarinnar skal vera stjórnarmaður KKÍ.
2. Afreksnefnd er ráðgefandi nefnd fyrir stjórn KKÍ og tekur á öllum þáttum í afrekssmálum KKÍ
3. Afreksnefnd skal skila inn afreksáætlun til stjórnar KKÍ
4. Afreksnefnd kemur með tillögu til stjórnar KKÍ um landsliðsþjálfara á öllum stigum afreksstarfs KKÍ

5. Afreksnefnd kemur með tillögur til stjórnar um landsleiki og þátttöku landsliða í mótum
6. Stjórn KKÍ skal tryggja afreksnefnd ákveðna upphæð á ári til afreksmála
7. Afreksnefnd getur skipað vinnunefndir um ákveðin verkefni eftir að hafa gert um það tillögu til stjórnar KKÍ og fengið samþykktá

**Reglugerð um fjárhagsnefnd**

1. Fjárhagsnefnd skal skipuð fimm einstaklingum – í nefndinni skulu sitja formaður og gjaldkeri KKÍ. Formaður nefndarinnar er formaður KKÍ. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir af stjórn KKÍ
2. Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjármálum KKÍ ásamt stjórn og framkvæmdastjóra KKÍ
3. Fjárhagsnefnd gerir tillögu að fjárhagsáætlun til stjórnar KKÍ
4. Fjárhagsnefndin annast eftirlit og skoðar reglulega framgang fjárhagsáætlunar
5. Fjárhagsnefnd vinnur að því að styrkja fjárhag KKÍ og aðstoðar við fjármögnun á starfsemi KKÍ.

**Reglugerð um Siðanefnd**

1. Stjórn KKÍ skipar þrjú einstaklinga í nefndina til tveggja ára. Formann skal skipa sérstaklega.
2. Siðanefnd sér til þess að siðareglur KKÍ séu í heiðri hafðar
3. Siðanefnd tekur fyrir þau brot sem vísað er til hennar eða er bent á
4. Siðanefnd getur tekið upp mál sem nefndin telur að þurfi að taka upp
5. Siðanefnd getur vísað málum til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ

**Stjórn KKÍ**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð félagaskipti ( erlendir leikmenn)**

Undirritaðar körfuknattleiksdeildir leggja sameiginlega fram eftirfarandi tillögu um breytingu á reglugerð um erlenda leikmenn í íslenskum körfuknattleik.

Leikmenn liða í meistaraflokkum karla og kvenna liðsins skulu vera með íslenskt vegabréf, þó er heimilt að tefla fram tveimur leikmönnum með erlent ríkisfang inná leikvelli hverju sinni. Liðum er heimilt að vera með eins marga leikmenn með erlent ríkisfang og það kýs innan sinna raða.

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

**Eftirfarandi eru breytingar þarf að gera á reglum um félagaskipti verði tillagan samþykkt.**

**2. Félagaskipti**

3. gr. Félagaskipti íslenskra leikmanna og leikmanna með evrópskt ríkisfang

Um félagaskipti íslenskra leikmanna og leikmanna með evrópskt ríkisfang eða með ríkisfang lands innan FIBA Europe gildir þessi reglugerð.

Um félagaskipti leikmanna með evrópskt ríkisfang eða með ríkisfang lands innan FIBA Europe úr félagi utan Íslands en innan FIBA gilda reglur FIBA.

4. gr. Félagaskipti leikmanna með ríkisfang utan Evrópu

Leikmenn í meistaraflokkum karla og kvenna skulu vera með íslenskt ríkisfang þó skal heimila skal heimilt að einum leikmanni tveir leikmenn með erlent ríkisfang utan Evrópu að leikaj samtímis á leikvelli með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangenginni leikheimild sem KKÍ veitir. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma eins mörgum erlendum leikmönnum og það kýs.

Félög sem óska eftir heimild fyrir leikmann með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skulu senda umsókn þar að lútandi til KKÍ ásamt leikheimild (e. letter of clearance) frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist þar á meðal staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi.

Leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Aftur á móti ef sýnt er fram á að samningur við slíkan leikmann sé ekki lengur í gildi getur KKÍ samþykkt félagaskipti án samþykkis.

Leikmaður með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.

Ný grein, 5 gr.

Nú brýtur þjálfari gegn 4 gr. reglugerðar um erlenda leikmenn með því að nota fleiri erlenda leikmenn í leik í einu en leyfilegt er.

Þá skal dómari dæma tvöfalda tæknivillu á þann leikmann sem kemur inn á leikvöll og brýtur þannig regluna um fjölda erlendra leikmanna á leikvöll.

Núverndi 5.grein verði þá 6.grein.

Greinargerð:

*Fjöldi leikmanna með erlent ríkisfang hefur aukist óhóflega undanfarin ár sem þegar er farinn að bitna verulega á getu íslenskra leikmanna. Mjög erfitt er fyrir íslenska leikmenn að þroskast og vaxa að getu innan síns liðs og verða leiðtogar liðsins þar sem erlendir leikmenn eru í flestum liðum þeir sem dragar vagninn.*

*Þá virðist sem brottfall ungra og efnilegra leikmanna sé að aukast þar sem tækifæri með félagssliðum á Íslandi er stöðugt að fækka með þeirri miklu fjölgun sem orðið hefur hér á landi í fjölda erlendra leikmanna. Ungir og efnilegir leikmenn sækja í dag frekar í erlenda skóla heldur en að halda áfram hér á landi við að berjast um stöður við misgóða erlenda leikmenn. Þá skýtur það mjög skökku við að á meðan lið eru að semja um lækkun á dómarakostnaði séu íslensk félagsslið á sama tíma að eyða auknum fjármunum í að semja við mjög aukinn fjölda erlendra leikmanna.*

Körfuknattleiksdeildir Hauka, Fjölnis , Hamars, UMFN, Breiðabliks og UMFG

Vísað til:

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

Afgreitt:

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá



**Reglugerð KKÍ um félagaskipti:** (\* ef svokölluð 3+2 reglan nær ekki fram)

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

#### 4. gr. Félagaskipti leikmanna með ríkisfang utan Evrópu

Heimila skal ~~einum leikmanni~~ tveimur leikmönnum með ríkisfang utan Evrópu að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ. Félagi er þó heimilt að vera sammingsbundið fleiri en ~~einum leikmanni~~ tveimur leikmönnum á sama tíma.

Félög sem óska eftir heimild fyrir leikmann með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skulu senda umsókn þar að lútandi til KKÍ ásamt leikheimild (e. letter of clearance) frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist þar á meðal staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi.

Leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Aftur á móti ef sýnt er fram á að samningur við slíkan leikmann sé ekki lengur í gildi getur KKÍ samþykkt félagaskipti án samþykkis.

Leikmaður með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.

#### Rökstuðningur:

*Ef félögin í landinu vilja ekki breyta núverandi ástandi með erlenda leikmenn er heillvænlegra að leyfa tvo erlenda leikmenn (þar sem sjö lið í efstu deild enduðu með þrjá erlenda leikmenn eða fleiri) og þau lið sem þurfa fleiri en tvo geta nýtt evrópumenn. Kanarnir eru í flestum tilfellum ódýrari en evrópumenn, og gæðin eru ekki evrópumönnum í hag svo með því að leyfa tvo erlenda leikmenn myndu mörg lið geta nýtt þau tvö ígildi og látið það duga, og þau lið sem þurfa fleiri geta þá nýtt evrópumenn.*

#### Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur

Vísað til:

Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Afgreitt:

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld  Vísað frá

Reglugerð KKÍ um félagaskipti

Breyting á reglugerð um tímabili og gildistöku félagaskipta

3. Tímabil og gildistaka félagaskipta

6. gr. Tímabil félagsskipta

Félagaskipti eru frjáls í öllum flokkum KKÍ nema frá og með 6. febrúar til og með 31. maí ár hvert. Á nefndu tímabili eru öll félagaskipti óheimil.

~~Þó er leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe heimilt að skipta um félag á nefndu tímabili nema þegar um er að ræða félagaskipti slíkra leikmanna á milli félaga innan KKÍ.~~

*Greinargerð:*

*Tið félagaskipti með erlenda leikmenn rétt fyrir lok tímabils og fyrir úrslitakeppni hefur ýtt undir aukinn útgjöld körfuknattleiks liða þar sem lið eru ýmist að fá sér nýja erlenda leikmenn til að „bjarga“ sér frá falli eða að styrkja sig fyrir úrslitakeppni. Slíkur aukinn kostnaður körfuknattleiksliða skýtur mjög skökku við á þeim tíma þar sem lið kvarta undan háum dómarakostnaði sem lið vilja lækka.*

Körfuknattleiksdeildir Hauka og Stjörnunnar

Vísað til:

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

Afgreitt:

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Tillaga um breytingu á reglugerð um félagaskipti á þingi KKÍ 2011**

Það sem er ~~yfirstríkað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

**4. gr. Félagaskipti leikmanna með ríkisfang utan Evrópu**

Heimila skal einum leikmanni með ríkisfang utan Evrópu að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ. Félagi er þó heimilt að vera sammingsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma.

Félög sem óska eftir heimild fyrir leikmann með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skulu senda umsókn þar að lútandi til KKÍ ásamt leikheimild (e. letter of clearance) frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist þar á meðal staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi. Félög skulu greiða með hverri leikheimild 50.000 krónur sem rennur óskert til yngri landsliða KKÍ.

Leikmanni með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Aftur á móti ef sýnt er fram á að samningur við slíkan leikmann sé ekki lengur í gildi getur KKÍ samþykkt félagaskipti án samþykkis.

Leikmaður með ríkisfang utan Evrópu eða með ríkisfang lands utan FIBA Europe skal leika á sama ríkisfangi innan sömu leiktíðar á Íslandi.

**Greinargerð**

Með þessari breytingu er verið að huga að grasrótastarfi okkar sem vill oft verða undir með innflutingi á erlendum leikmönnum. Með þessu geta þau lið sem hafa burði til að styrkja sig með erlendum leikmönnum styrkt ungvíðin okkar. Miðað við fjölda erlendra leikmanna sem spilaði hér síðasta tímabil ættum við að geta sent einu fleira unglingslandslið í Evrópukeppni.

**Körfuknattleiksdeild Hamars, Ágúst Björgvinsson**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleikmsót 48.grein**

**Grein 48.er svona í dag samkvæmt reglugerð**

Í meistaraflokki karla og kvenna skulu úrslitaleikirnir fara fram í Laugardalshöll nema þau lið, sem keppa til úrslita komi sér saman um annað í samráði við mótanefnd. Í öðrum flokkum skal mótanefnd ákveða hvar úrslitaleikirnir fara fram.

**Tillaga um nýjan texta er:**

Í meistaraflokki karla og kvenna skal stefnt að því að úrslitaleikir fara fram í Laugardalshöll en mótanefnd hefur heimild til að ákveða annan leikstað meðal annars með tilliti til kostnaðar. Mótanefnd skal tilkynna að hausti á formannafundi um leikstað og kostnað félaganna vegna úrslitaleikjanna. Í öðrum flokkum skal mótanefnd ákveða hvar úrslitaleikirnir fara fram.

**Greinargerð:**

Með þessu móti hefur mótanefnd heimild til að kanna kostnað við aðra mögulega leikstaði eins og t.d. Vodafonehöllina eða önnur sambærileg hús við Laugardalshöll eða Vodafonehöllina þar sem nægur fjöldi áhorfenda kemst að að.

Með þessu er ekki eingöngu verið að horfa til kostnaðar heldur einnig auka stemmingu þar sem t.d. í Vodafonehöllinni er hægt að vera með áhorfendur hringinn í kringum leikvöllinn.

Óskað er eftir því að Mótanefnd og skrifstofa KKÍ skoði alla möguleika nú í vor og sumar 2011 verðu þessa tillaga samþykkt og málið tekið fyrir á formannafundi eins og breytingin gerir ráð fyrir.

**Stjórn KKD Grindavíkur**

**Vísað til:**

Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

Tillaga fyrir KKÍ þing 6.-7.maí 2011

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 42 grein Stúlknaflokkur

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði felld út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn.

Aldur: 16 og 17 ára

Leiktími: 4 x 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 x 10 mínútur, hálfleikur skal vera 5 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Leiktími: 4 x 10 mínútur, hálfleikur skal vera 5 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni.

Í stúlknaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einum riðli (deild), þegar félög eru 11 eða færri. Leikið skal í tveimur riðlum verði félög sem taka þátt 12 eða fleiri. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri.

Ef leikið er í einum riðli skal leika fjögurra liða úrslit þar sem 1 og 4 mætast annars vegar og 2 og 3 hins vegar, sigurvegarar leikjanna mætast þá í úrslitum. Sigurvegarar leikjanna leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ef leikið er í 2 riðlum skal leika 8 liða úrslit sem hér segir. Aðeins er leikinn einn leikur í hverri umferð.

Átta liða úrslit:

1) A1 – B4

2) B2 – A3

3) B1 – A4

4) A2 – B3

Undanúrslit:

5) sigurvegari úr nr. 1) - sigurvegari úr nr. 2)

6) sigurvegari úr nr. 3) - sigurvegari úr nr. 4)

Úrslit:

7) sigurvegari úr nr. 5) - sigurvegari úr nr. 6)

**Greinargerð**

Þetta er næst elsti flokkurinn hjá stúlkum og örugglega fleiri stúlkur sem eru að leika með mfl. heldur en leikmenn í drengjaflokki.

Þar fyrir utan eru ekki mörg lið í unglingsflokkum kvenna og því seinasti séns margra stúlkna að spila heima og heiman áður en þær fara í meistaraflokk.

Þá er þær einnig orðnir það fáar oft að álagið er of mikið á leikmenn þegar spilaðir eru 3-4 leikir á einni helgi.

**Körfuknattleiksdeild Breiðabliks**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Reglugerð um körfuknattleiksmót - 19.gr. Úrvalsdeild karla**

Yfirstríkað fellur út og undirstíkað kemur inn.

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní. Mótanefnd skal gefa út fyrir 1. júlí ár hvert hver leiktími leikja sé, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga. Dregið skal í töfluröð í maímánuði í viðurvist fulltrúa liðanna í deildinni sem það kjósa.

**a) Deildarkeppni**

Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum sem leika ~~tvöfalda~~ þrefalda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna. 3. umferð spilast eins og 1. umferð, það er að lið A sem fékk heimaleik á móti liði B í 1. umferð fær einnig heimaleik gegn liði B í 3. umferð. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Liðið í efsta sæti að lokinni keppninni hlýtur titilinn Deildarmeistari og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

Tvö neðstu lið úrvalsdeildar að lokinni deildarkeppni falla í 1. deild og leika þar á næstu leiktíð.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku liðanna í átta efstu sætum deildarinnar

**Greinargerð:**

Mikið hefur verið rætt um fjölgun leikja í Iceland Expressdeild karla undanfarin ár og var samþykkt á formannafundi KKÍ 12. mars 2011 að fela stjórn KKÍ að koma með tillögu sem þessa.

**Stjórn KKÍ**

**Vísað til:**

Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Reglugerð um körfuknattleiksmót - 23.grein Úrvalsdeild kvenna**

Yfirstrikað fellur út og undirstrikað kemur inn.

Úrvalsdeild kvenna skal skipuð 8 liðum. Önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal tvöföld fjórföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þá er liðum skipt í tvo riðla, fjögur efstu liðin eru saman í A-riðli og neðstu fjögur liðin eru saman í B-riðli, öll áunnin stig flytjast með liðunum inn í riðla. Innan riðlanna er leikin tvöföld umferð. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti A-riðils hljóta titilinn "Deildarmeistari" og fá farandbikar og eignarbikar. Neðsta lið B-riðils fellur í 1. deild.

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku sex fjögurra efstu liða í deildinni. Það lið sem var í 1.sæti að lokinni deildarkeppni mæti liðinu sem varð í 4.sæti og það lið sem var í 2.sæti mætir liðinu sem varð í 3.sæti, sigurvegarar þessara viðureigna mætast svo í úrslitum. Lið raðast á eftirfarandi hátt í sæti eftir deildarkeppni: efsta lið A-riðils er númer eitt, næst efsta lið númer tvö o.s.frv. Efsta lið B-riðils er númer fimm, næst efsta lið B-riðils númer sex o.s.frv. Fyrst leikur lið númer þrjú við lið númer sex annars vegar og lið númer fjögur við lið númer fimm hins vegar. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum kemst í undanúrslit. Í undanúrslitum skal raða liðum aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman. Þau lið sem fyrr sigra í þremur leikjum í undanúrslitum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í Úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

Í undanúrslitum og úrslitum skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni.

Mótanefnd skal gefa út fyrir 1. júlí ár hvert hver leiktími leikja sé, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

**Greinargerð**

Þar sem almenn óánægja hefur verið með að skipta úrvaldeild kvenna í A og B riðla á miðju keppnistímabili var samþykkt á formannafundi KKÍ 12. mars 2011 að fela stjórn KKÍ að koma með tillögu sem þessa.

Stjórn KKÍ

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld  Vísað frá



**Fjölgun liða í Úrvalsdeild kvenna í 10 lið.**

Fjöltnir Körfuknattleiksdeild leggur til að fjölgað verði í úrvalsdeild kvenna úr 8 liðum í 10, lögð niður núverandi fyrirkomulag í úrvalsdeild og tekið upp 10 lið í deild, leikin tvöföld umferð og síðan 8 liða úrslitakeppni, með sama hætti og í Úrvalsdeild karla.

1 lið fellur úr deild. og efsta lið úi 1 deild kemur upp

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 23.grein – úrvalsdeild kvenna**

Úrvalsdeild kvenna skal skipuð ~~8~~ 10 liðum. Önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. ~~Þá er liðum skipt í tvo riðla, fjögur efstu liðin eru saman í A-riðli og neðstu fjögur liðin eru saman í B-riðli, öll áunnin stig flytjast með liðunum inn í riðla. Innan riðlanna er leikin tvöföld umferð. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti ~~A-riðils~~ deildarinnar hljóta titilinn "Deildarmeistari" og fá farandbikar og eignarbikar. Neðsta lið ~~B-riðils~~ deildarinnar fellur í 1. deild.~~

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku ~~sex~~ átta efstu liða í deildinni. Lið raðast á eftirfarandi hátt í sæti eftir deildarkeppni: efsta lið ~~A-riðils~~ er númer eitt, næst efsta lið númer tvö o.s.frv. Efsta lið ~~B-riðils~~ er númer fimm, næst efsta lið ~~B-riðils~~ númer sex o.s.frv. Fyrst leikur lið númer þrjú við lið númer sex annars vegar og lið númer fjögur við lið númer fimm hins vegar. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum kemst í undanúrslit. Í undanúrslitum skal raða liðum aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman. Þau lið sem fyrr sigra í þremur leikjum í undanúrslitum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í Úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjórðungsúrslit:

Viðureign nr. 1: Lið nr. 1 - lið nr. 8

Viðureign nr. 2: Lið nr. 4 - lið nr. 5

Viðureign nr. 3: Lið nr. 3 - lið nr. 6

Viðureign nr. 4: Lið nr. 2 - lið nr. 7

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í tveim leikjum.

Undanúrslit:

Viðureign nr. 5 og 6

Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman.

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:

Viðureign nr. 7: Sigurvegari úr viðureign nr. 5 - sigurvegari úr viðureign nr. 6

Úrslitaviðureignin stendur yfir þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og telst það lið Íslandsmeistari í Úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 klst. fyrir leik.

~~Í undanúrslitum og úrslitum skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni.~~

Mótanefnd skal gefa út fyrir 1. júlí ár hvert hver leiktími leikja sé, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga.

~~Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.~~

### **Greinargerð**

Ég man þegar tillaga lá uppi um að fjölga liðum í Úrvalsdeild karla úr 10 í 12 lið. Það var mikil upræða um hvernig þetta myndi skemma 1. deildina, fækka liðum þar og gera muninn á milli deilda of mikinn. Það er mikilvægt fyrir okkur að muna þetta því reynslan sýnir klárlega að 1. deild karla hefur, síðan þá, styrkst mikið og keppni þar verið ákaflega spennandi og öflug undanfarin ár. Þetta var því klárlega heillaskref fyrir karlaboltann að fjölga í úrvalsdeildinni enda skapaði það pláss fyrir fleiri lið að berjast um sæti í 1. deildinni.

Ég er fullviss um að það gerast svipaðir hlutir ef við fjölgum í úrvalsdeild kvenna. Það munu fleiri leikmenn stíga á stökk á stóra sviðinu og deildin verður mun skemmtilegri. Auðveldara verður fyrir ný lið að myndast í 1. deildinni og með smá tíma mun hún rísa upp og fleiri lið verða sterkari en nú getur orðið.

### **Virðingarfyllt**

### **Körfuknattleiksdeild Fjölnis**

**Steinar Davíðsson**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 20. grein1. DEILD KARLA**

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

1. deild karla skal skipuð ~~40~~ 12 liðum sem leika tvöfalda umferð innbyrðis. Það er að segja, hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna.

Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Tvö neðstu lið 1. deildar falla að lokinni deildarkeppni í 2. deild og leika þar á næsta keppnistímabili.

Efsta liðið, að lokinni deildarkeppninni hlýtur titilinn "Deildarmeistari" og færist beint upp í úrvalsdeild. Næstu ~~fjögur~~ átta lið, númer tvö til ~~fimm-níu~~, leika úrslitakeppni. ~~Liðið sem~~ endaði í öðru sæti deildarinnar leikur gegn liði númer fimm og liðið sem endaði í þriðja sæti leikur gegn liði númer fjögur.

Fjórðungsúrslit:

Viðureign nr. 1: Lið nr. 2 - lið nr. 9

Viðureign nr. 2: Lið nr. 3 - lið nr. 8

Viðureign nr. 3: Lið nr. 4 - lið nr. 7

Viðureign nr. 4: Lið nr. 5 - lið nr. 6

Undanúrslit:

Viðureign nr. 5 og 6

Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman.

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í tveim leikjum.

Úrslit:

Viðureign nr. 7: Sigurvegari úr viðureign nr. 5 - sigurvegari úr viðureign nr. 6

Í úrslitakeppni skiptast liðin á að leika á heimavelli og skal ávallt byrjað á heimavelli þess liðs sem varð ofar í deildarkeppninni. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Þau leika þar til annað liðið hefur unnið tvo leiki, og hlýtur sigurvegarinn hitt lausa sætið í úrvalsdeild.

**Greinagerð:**

Við teljum að kominn sé tími að fjölga í 1. Deild. Gæði og umgjörð leikja þar er góð og það er kominn tími til að stíga skrefið. Einnig eru 18 leikir á tímabilinu of fáir leikir og stór göt myndast í leikjadagatalið. Úrslitakeppnin mun einnig bæta við leikjum og gefa liðum tækifæri á að lengja tímabilið.

**F.h HSV**

**Sævar Óskarsson formaður KFÍ**

**Vísað til:**

Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 32.grein 11.flokkur KARLA**

Það sem er undirstrikað er lagt til að komi inn í reglugerðina

Aldur: 16 ára.

Leiktími: 4 X 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 X 10 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta og 5 mínútna leikhlé í hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik. Þegar leikið er 4 X 10 mínútur eru leyfð 3 leikhlé í síðari hálfleik

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

**Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 42.grein Stúlknaflokkur**

Það sem er undirstrikað er lagt til að komi inn í reglugerðina

Aldur: 16 og 17 ára

Leiktími: 4 x 8 mínútur nema í úrslitum eftir fjórðu umferð Íslandsmóts og bikarkeppni skal leiktíminn vera 4 x 10 mínútur, hálfleikur skal vera 5 mínútur og hlé milli 1. og 2. leikhluta sem og milli 3. og 4. leikhluta skal vera 1 mínúta. Að öðru leyti skal leikið eftir leikreglum FIBA hverju sinni. Þegar leikið er 4 X 10 mínútur eru leyfð 3 leikhlé í síðari hálfleik

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

**Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 50.grein FYRIRTÆKJABIKAR KARLA:  
Tillaga um breytingu á ársþingi KKÍ 2011**

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

Fyrirtækjabikarinn er útsláttarkeppni sem leikin er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bikarkeppni KKÍ hefst. Fyrirtækjabikarinn er deildarkeppni. Fyrstu fimm umferðirnar eru leiknar fyrir Íslandsmót. Seinni fimm umferðirnar eru leiknar með Íslandsmóti (1 leikur á viku í hvorri keppni fyrir sig). Keppnin klárast svo í fjögurra liða úrslitum (hin fjögur fræknu) um 6 vikum eftir að Íslandsmót hefst. Þátttökurétt hafa þau 12 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Liðunum er skipt upp í tvo riðla og er leikin tvöföld umferð, heima og heiman, við öll lið í sama riðli. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.

Röðunin er sem hér segir:

Nr. 1 Íslandsmeistari

Nr. 2 Lið sem komst í úrslit Íslandsmóts, en beið þar ósigur

Nr. 3 og 4 Liðin sem biðu ósigur í undanúrslitum Íslandsmóts

Það lið sem varð ofar í deildarkeppninni er nr. 3 og það sem varð neðar nr. 4

Nr. 5—8 Liðin sem biðu ósigur í fjórðungsúrslitum Íslandsmóts.

Það lið sem varð efst þeirra í deildarkeppninni er nr. 5, það næst efsta nr. 6 og svo framvegis.

Nr. 9—10 Liðin sem urðu í 9. og 10 sæti deildarkeppninnar

Nr. 11 Deildarmeistari 1. deildar

Nr. 12 Lið sem vann úrslitakeppni 1. deildar.

Röðunin í riðla er sem hér segir:

Fer eftir stöðu liða í deildarkeppninni árið áður.

Í A-riðli leika lið 1, 3, 5, 7, 9, 11 (sigurvegari úr 1. Deild).

Í B-riðli leika lið 2, 4, 6, 8, 10, og 12 (lið sem vann úrslitakeppni 1. deildar).

Fyrsta umferð:

1) Nr. 5 – nr. 12

2) Nr. 6 – nr. 11

3) Nr. 7 – nr. 10

4) Nr. 8 – nr. 9

Önnur umferð:

5) Nr. 4 – sigurv. úr 1)

6) Nr. 3 – sigurv. úr 2)

7) Nr. 2 – sigurv. úr 3)

8) Nr. 1 – sigurv. úr 4)

Þriðja umferð (Undanúrslit):

9) Sigurv. úr 8) – sigurv. úr 5)

10) Sigurv. úr 7) – sigurv. úr 6)

Í fyrstu, annari og þriðju umferð gildir sem hér segir:

Leikið er á heimavelli þess liðs sem hefur lægra númer.

Hin fjögur fræknu:

Mótanefnd velur leikstað fyrir undanúrslitin og úrslitaleikinn.

Undanúrslit:

Viðureign nr. 1: Lið nr. 1 (A-riðli)- lið nr. 2 (B-riðli)

Viðureign nr. 2: Lið nr. 1 (B-riðli)- lið nr. 2 (A-riðli)



Úrslitaleikur:

~~Mótanefnd velur leikstað fyrir úrslitaleikinn.~~

Úrslit:

~~11) Sigurv. úr 9) – sigurv. úr 10)~~

Sigurv. úr 1) - sigurv. úr 2)

Tekjuskipting:

~~Um tekjuskiptingu í fyrstu, annari og þriðju umferð gilda sömu reglur og í Bikarkeppni KKÍ. Heimaliðið fær allar tekjur af leikjum sem leiknir eru í deild.~~

Um tekjuskiptingu í úrslitaleik skal hafður sami háttur á og fyrir úrslitaleiki í bikarkeppni KKÍ þar sem fulltrúar liðanna í úrslitaleikjum karla og kvenna gera með sér samkomulag um tekjuskiptingu að frádregnum sameiginlegum kostnaði.

Nafn á keppnina:

KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans.

**Greinargerð**

Ástæða fyrir þessari tillögu er gerð til að fjölga leikjum fyrir úrvalsdeildarliðin. Mitt persónulega mat er það að með því að breyta Íslandsmótinu erum við að taka vissa áhættu. Íslandsmótið okkar eru tvöföld umferð og hefur það reynst vel og síðan er toppurinn á Íslandsmótinu úrslitakeppnin okkar sem er vinsælasti íþróttaviðburður á Íslandi í dag. Við tökum áhættu með að breyta því fyrirkomulagi.

Fyrirtækjarbikarinn er bikarkeppni sem hefur verið nokkuð lengi í gangi hjá okkur og var að fá verðskuldaða athygli hér áður fyrir þegar við vorum með keppnina inn í Íslandsmótinu. Í lokin voru fjögurra liða úrslit sem fékk nafnið hin fjögurfræknu og var vinsæl helgi hjá fjölmiðlum og stuðningsmönnum. Úrslitaleikur var iðulega sýndur í beinni útsendingu á RÚV og er klárt mál að það ætti að vera auðveldara að fá styrktaraðila á keppni sem fær umfjöllun. Mikilvægt í þessu nýja fyrirkomulagi er að spila leik í hverri viku t.d á fimmtudögum og föstudögum. Eftir að Íslandsmótið hefst myndu þeir leikir vera t.d á sunnudögum og mánudögum þá eru allir að fá tvo leiki í viku, einn í hvorri keppni. Stefna þyrfti á að úrslitahelgin væri síðasta helgin í nóvember. Með þessu erum við að eyða út löngum hléum og erum að spila þéttar sem mér skilst að allir vilji gera.

**Körfuknattleiksdeild Hamars**

**Ágúst Björgvinsson**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 51.grein FYRIRTÆKJABIKAR  
KVENNA: Tillaga um breytingu á ársþingi KKÍ 2011**

Það sem er ~~yfirstríkað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

~~Fyrirtækjabíkarinn er útsláttarkeppni sem leikin er í upphafi hverrar leiktíðar, áður en keppni á Íslandsmóti og í Bíkárkeppni KKÍ hefst. Fyrirtækjabíkarinn er deildarkeppni með samtals 8 umferðum. og 4 liða úrslitakeppnir leiknar fyrir og með Íslandsmóti (um 1 leikur á viku í hvori keppni fyrir sig). Keppnin klárast svo í fjögurra liða úrslitum (hin fjögur fræknu) um 6 vikum eftir að Íslandsmót hefst. Þátttökurétt hafa þau 8 lið sem skipa úrvalsdeildina á viðkomandi leiktíð. Liðunum er skipt upp í tvo riðla og er leikin tvöföld umferð, heima og heiman, við öll lið í sama riðli. Félög greiða ekkert gjald vegna þátttöku í keppninni.~~

Röðunin er sem hér segir:

Nr. 1 Íslandsmeistari

Nr. 2 Lið sem komst í úrslit Íslandsmóts, en beið þar ósigur

Nr. 3 og 4 Liðin sem biðu ósigur í undanúrslitum Íslandsmóts

Það lið sem varð ofar í deildarkeppninni er nr. 3 og það sem varð neðar nr. 4

Nr. 5—6 Liðin sem biðu ósigur í fjórðungsúrslitum Íslandsmóts.

Það lið sem varð efst þeirra í deildarkeppninni er nr. 5, það næst efsta nr. 6 ösfrv.

Nr. 7 Liðið sem vað í 7. sæti deildarkeppinnar

Nr. 8 Nýliðar í efstu deild kvenna

Röðunin í riðla er sem hér segir:

Fer eftir stöðu liða í deildarkeppninni árið áður.

Í A-riðli leika lið 1, 3, 5, 7

Í B-riðli leika lið 2, 4, 6, 8 (sigurvegari úr 1. Deild)

Fyrsta umferð:

1) Nr. 1 – nr. 8

2) Nr. 2 – nr. 7

3) Nr. 3 – nr. 6

4) Nr. 4 – nr. 5

Önnur umferð (undanúrslit)

5) Sigurv. úr 1) – sigurv. úr 4)

6) Sigurv. úr 2) – sigurv. úr 3)

Í fyrstuog annarri umferð gildir sem hér segir:

Leikið er á heimavelli þess liðs sem hefur lægra númer.

Úrslitaleikur:

Mótanefnd velur leikstað fyrir úrslitaleikinn.

Úrslit:

7) Sigurv. úr 5) – sigurv. úr 6)

Hin fjögur fræknu:

Mótanefnd velur leikstað fyrir undanúrslitin og úrslitaleikinn.

Undanúrslit:

Viðureign nr. 1: Lið nr. 1 (A-riðli)- lið nr. 2 (B-riðli)

Viðureign nr. 2: Lið nr. 1 (B-riðli)- lið nr. 2 (A-riðli)

Úrslit:

~~11) Sigurv. úr 9) – sigurv. úr 10)~~

Sigurv. úr 1) - sigurv. úr 2)

Tekjuskipting:

~~Um tekjuskiptingu í fyrstu, annari og þriðju umferð gilda sömu reglur og í Bikarkeppni KKÍ. Heimalið fær allar tekjur af leikjum sem leiknir eru í deild.~~

Um tekjuskiptingu í úrslitaleik skal hafður sami háttur á og fyrir úrslitaleiki í bikarkeppni KKÍ þar sem fulltrúar liðanna í úrslitaleikjum karla og kvenna gera með sér samkomulag um tekjuskiptingu að frádregnum sameiginlegum kostnaði.

Nafn á keppnina:

KKÍ er heimilt að ná samkomulagi við bakhjarl fyrir bikarinn og skal keppnin þá bera nafn hans.

### **Greinargerð**

Ástæða fyrir þessari tillögu er hafa keppnina með sama sniði og hjá úrvalsdeild karla. Einnig til að gefa keppninni meira vægi með að breyta henni úr algjöri undirbúningskeppni.

Fyrirtækjarbikarinn er bikarkeppni sem hefur verið nokkuð lengi í gangi hjá okkur og var að fá verðskuldaða athygli hér áður fyrr þegar við vorum með keppnina inni í Íslandsmótinu. Í lokin voru fjögurra liða úrslit sem fengu nafnið hin fjögur fræknu og var vinsæl helgi hjá fjölmiðlum og stuðningsmönnum. Úrslitaleikur var iðulega sýndur í beinni útsendingu á RÚV og er klárt mál að það ætti að vera auðveldara að fá styrktaraðila á keppni sem fær meiri umfjöllun. Mikilvægt í þessu nýja fyrirkomulagi er að spila leik í hverri viku t.d á laugardögum. Eftir að Íslandsmótið hefst myndu þeir leikir vera t.d á miðvikudögum þá eru allir að fá 2 leiki í viku 1 í hvorri keppni. Stefna þyrfti á að úrslitahelgin væri síðasta helgin í nóvember. Með þessu erum við að eyða út löngum hléum og er verið að spila þéttar sem mér skilst að allir vilji gera.

### **Körfuknattleiksdeild Hamars , Ágúst Björgvinsson**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Pingsályktunartillaga**

Körfuknattleiksping haldið á Sauðárkróki 6.-7.maí 2011 óskar eftir því við stjórn og mótanefnd sambandsins að uppsetning á úrslitum Íslandsmóts yngri flokka verði skoðuð á eftirfarandi hátt

Setja úrslit í yngri flokkum 9.fl karla&kvenna og uppúr á fjórar helgar í stað tveggja :

- \* 9.flokkur karla, 11.flokkur karla & 10.flokkur kvenna á fyrstu helgi
- \* 9.flokkur kvenna & 10.flokkur karla á annarri helgi
- \* Drengjaflokkur & Unglingaflokkur kvenna á þriðju helgi
- \* Unglingaflokkur karla & stúlknaflokkur á fjórðu helgi

Stjórn og eða mótanefnd KKÍ þurfa að kynna á formannafundi haustið 2011 hvernig úrslit yngri flokka í 9.fl.karla&kvenna og uppúr fer fram vorið 2012

**Greinargerð**

Þónokkuð af leikmönnum eru að leika með fleiri en einu liði á þessum tveimur stóru helgum sem eru ríkjandi í dag. Stærri helgin eins og hún er í dag er mjög erfið (sérstaklega laugardagurinn)

Með þessu er hugsanlega hægt að koma tveimur seinni helgunum aftur fyrir úrslitaeinvígin í meistaraflokkum og forðast árekstra

Vitað er að það er erfitt að fá Laugardalshöllina fyrir alla flokka. Spurning að spila eldri flokka (Drengja- og Stúlknaflokkar, unglíngaflokkar karla og kvenna) í Laugardalshöllinni en yngri hjá félögunum.(9.fl.ka&kv, 10.fl ka&kv og 11.fl.ka)

**Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

### Reglugerð fyrir sameiginlegt lið

Lagt er til að reglugerðin verði felld út í heild sinni – ~~yfirstrikað~~ falli út.

- ~~1. Heimilt er tveimur félögum að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi í sama aldursflokki.~~
- ~~2. Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulag og senda stjórn KKÍ til staðfestingar fyrir 10. september, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.~~
- ~~3. Ákveði tvö félög að senda sameiginlegt lið til þátttöku í landsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.~~
- ~~4. Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í landsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hætta keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til stjórnar KKÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.~~
- ~~5. Sameiginlega liðið er ekki nýtt félag heldur samkomulag tveggja félagsliða um nýtt keppnislíð í fyrirfram ákveðnum aldursflokkum. Leikmennirnir eru skráðir í sín félög og geta keppt í öðrum aldursflokkum síns félags.~~

### Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur

Vísað til:

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

Afgreitt:

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um dómara nefnd**

Undirstrikað verði bætt inn

2. Nefndin raðar dómurum á alla leiki meistarflokks í Íslandsmótum, bikarkeppnum, fyrirtækjabikarmótum, meistarakeppnum og öðrum keppnum sem kann að verða komið á. Þá raðar nefndin dómurum á alla leiki í unglingsflokkum, drengjaflokki alla undanúrslitaleiki og úrslitaleiki í öðrum flokkum, sem og alla leiki í bikarkeppni yngri flokka. Nefndin raðar einnig dómurum á aðra leiki og keppnir komi um það ósk frá stjórn KKÍ.

**Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá



Tillögur til breytinga á reglum frá Ungmennafélagi Sindra Höfn, fyrir ársþing KKÍ á Sauðarkróki dagana 6-7 maí

## Tillaga um breytingu á reglum um Körfuknattleiksmót 37.grein Minnibolta 11 ára karla

Það sem er ~~yfirstríkað~~ er lagt að að verði fellt út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans

Leiktími: ~~5 x 8 mínútur~~ 4 x 8 mínútur og 1 mínúta á milli leikhluta.

1. Í hverjum leik verður að nota að minnsta kosti 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags sem skila skal inn til KKÍ með 8 daga fyrirvara. Undanþága ekki veitt í A-riðli.
2. Hver leikmaður verður að leika minnst tvær lotur af ~~fimm~~ fjórum. Hver leikmaður verður því að hvíla í tvær heilar lotur af ~~fimm~~ fjórum.
3. ~~5. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 5. lotu. Skiptingar eru ekki leyfðar nema til komi meiðsli. Leikkluukkan skal þá stöðvuð á meðan skipting fer fram.~~
4. ~~Ekki skal stöðva leikkluKKu í fyrstu fjórum leikhlutum minniboltans. Í 5. leikhluta skal stöðva leikkluKKu~~ Aðeins skal stöðva leikkluKKuna í 3 og 4 leikhluta og þá aðeins síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.
5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins. Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

### Útskýring

Við teljum að leiktími sé of langur með núverandi fyrirkomulagi en hver leikur er að spilast á klukkustund og jafnvel lengur. Okkur þykir það einnig athugavert að leiktímin styttist þegar leikmenn gangi upp úr minnibolta. Okkar reynsla er sú að svona ungir krakkar verði þreyttir og haldi ekki einbeitingu allan leiktímann og séu oftast en ekki farnir að bíða eftir því að leiknum ljúki þegar inn í 5 leikhlutan er komið.

Við síðustu breitingar á reglum í minnibolta var þeim breitt þannig að allir leikmenn (eða að lámarki 10)urðu að spila minnst 2 leikhluta en ekki aðeins 1 eins og áður var og nú er

í 7 og 8 flokk. Þessu viljum við viðhalda þó að 5 leikhlutinn verði afnuminn enda held að að allir geti verið sammála um það að það hefur gefist vel.

Hins vegar sjáum við ekki sérstaka þörf á að hafa leikhluta þar sem lið geta teft fram sínum bestu leikmönnum til að sigra leiki enda á þetta að snúast um að vekja áhuga til frambúðar hjá ÖLLUM iðkendum á þessum aldri fremur en að sigra leiki og teljum við það samsvararst stefnu ISI að allir leikmenn leiki jafn margar mínútur í hverjum leik óháð getu.

**Ungmennafélagi Sindra Höfn**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

Tillögur til breytinga á reglum frá Ungmennafélagi Sindra Höfn, fyrir ársþing KKÍ á Sauðarkróki dagana 6-7 maí

**Tillaga um breytingu á reglum um Körfuknattleiksmót 47.grein Minnibolta 11 ára kvenna**

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði felld út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans

Leiktími: ~~5 x 8 mínútur~~ 4 x 8 mínútur og 1 mínúta á milli leikhluta.

1. Í hverjum leik verður að nota að minnsta kosti 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags sem skila skal inn til KKÍ með 8 daga fyrirvara. Undanþága ekki veitt í A-riðli.
2. Hver leikmaður verður að leika minnst tvær lotur af ~~fimm fjórum~~. Hver leikmaður verður því að hvíla í tvær heilar lotur af ~~fimm fjórum~~.
3. ~~5. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleiksreglum, skal klukka stöðvuð meðan skiptingin fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritaraborð til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 5. lotu. Skiptingar eru ekki leyfðar nema til komi meiðsli. Leikkluukkan skal þá stöðvuð á meðan skipting fer fram.~~
4. ~~Ekki skal stöðva leikkluoku í fyrstu fjórum leikhlutum minniboltans. Í 5. leikhluta skal stöðva leikkluoku~~ Aðeins skal stöðva leikkluokuna í 3 og 4 leikhluta og þá aðeins síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrr en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.
5. Einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (B) á þjálfara brotlega liðsins. Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

*Útskýring*

Við teljum að leiktími sé of langur með núverandi fyrirkomulagi en hver leikur er að spilast á klukkustund og jafnvel lengur. Okkur þykir það einnig athugavert að leiktímin styttest þegar leikmenn gangi upp úr minnibolta. Okkar reynsla er sú að svona ungir krakkar verði þreyttir og haldi ekki einbeitingu allan leiktímann og séu oftast en ekki farnir að bíða eftir því að leiknum ljúki þegar inn í 5 leikhlutan er komið.

Við síðustu breitingar á reglum í minnibolta var þeim breitt þannig að allir leikmenn (eða að lámarki 10)urðu að spila minnst 2 leikhluta en ekki aðeins 1 eins og áður var og nú er

í 7 og 8 flokk. Þessu viljum við viðhalda þó að 5 leikhlutinn verði afnuminn enda held að að allir geti verið sammála um það að það hefur gefist vel.

Hins vegar sjáum við ekki sérstaka þörf á að hafa leikhluta þar sem lið geta teft fram sínum bestu leikmönnum til að sigra leiki enda á þetta að snúast um að vekja áhuga til frambúðar hjá ÖLLUM iðkendum á þessum aldri fremur en að sigra leiki og teljum við það samsvararst stefnu ISI að allir leikmenn leiki jafn margar mínútur í hverjum leik óháð getu.

**Ungmennafélagi Sindra Höfn**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

Tillögur til breytinga á reglum frá Ungmennafélagi Sindra Höfn, fyrir ársþing KKÍ á Sauðarkróki dagana 6-7 maí

### Tillaga um breytingu á reglum um Körfuknattleiksmót 10.grein

Það sem er ~~yfirstrikað~~ er lagt að að verði felld út og það sem er undirstrikað er lagt til að komi í staðinn

Félag sem ekki mætir til leiks innan 15 mínútum frá auglýstum leiktíma skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 50.000,00 í meistaraflokki en 20.000 í yngri flokkum sem rennur til ~~KKÍ~~. Þess félags sem leika átti við. Að auki skal greiða sekt til KKÍ sem nemur 25.000 í meistaraflokki og 10.000 kr í yngriflokkum Það lið sem mætir ekki til leiks telst hafa tapað leiknum samkvæmt reglum FIBA hverju sinni. Skulu hinir skipuðu dómarar kveðja ritara til sem vitni og gefa skýrslu til KKÍ innan 24 stunda að leikur hafi ekki farið fram og tilgreina ástæðu. Mæti lið ekki til leiks fyrirgerir það rétti sýnum til þes að fá að spila í úrslitakeppni um íslandsmeistaratitil að deildarkeppni lokinni.

Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni. Félag sem ekki mætir til leiks í tvo leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu. Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf þess eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils. Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í neðstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili. Allar sektargreiðslur skulu ~~renna til~~ innheimtar af KKÍ, nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili. Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

### Útskýring

Með þessu er verið að breita regluninni þannig að hún er sambærileg þeirri reglu sem er í gildi um sama mál hjá KSÍ. Hún er svo hljóðandi:

41.3. Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 130.000 í meistaraflokki en kr. 30.000 í öðrum flokkum. KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein

Við hjá Sindra höfum orðið mikið fyrir barðinu á því að lið gefi leiki við okku eða mæti ekki til keppni þegar við höldum mót í yngriflokkum.

Þó að lið hafi ekki gefið það út þegar þetta hefur gerst, þá teljum við að ástæðan sé sú oft á tíðum að með núverandi reglugerð er minni kostnaður fólgin í því að gefa leikinn (sé lið staðsett á vestur horni landsins) en að leggja í ferðalagið austur á Höfn. Sérstaklega á þetta við ef það er ljóst að úrslit leiksins munu ekki koma til með að hafa áhrif á stöðu liðanna í deildinni/riðlinum sem spilað er í.

Til að koma í veg fyrir að þetta gerist teljum við að það þurfi að hækka þær sektir sem greiða þarf vegna brota á þessum reglum og bæta inn ákvæði eins og því að lið fyrirgeri rétti sýnum til að spila til úrslita um íslandsmeistaratitilinn gefi þau leik af engri lögmati ástæðu.

Einnig kveður tillaga þessi á um það að sektargreiðslurnar renni ekki lengur óskiptar til KKI heldur fái það félag sem leika átti við hluta sektarinnar sem kveður á um, eða 2/3 hluta hennar, sem einskona skaðabætur eða „sárabót“. Okkur þykir það einkennilegt að KKI sitji einir að þeim greiðslum sem hlotnast af þessum brotum, en liðið sem leika átti við sitji eftir með sárt ennið og það eina sem það fær er skráður 20-0 sigur, sem er alls enginn sárabót þar sem við stundum flest íþróttina til að fá að njóta þeirrar ánægju sem hlýst af því að keppa í henni. Einnig getur þá líka það lið sem missti leikinn verið visst um það að liðið sem ekki mætti til leiks hafi verið refsað.

### **Ungmennafélagi Sindra Höfn**

**Vísað til:**

- Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar

**Afgreitt:**

- Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Felld     Vísað frá

**Breyting á reglugerð um aga-og úrskurðarnefnd**

**1. GILDISSVIÐ**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands. Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KKÍ nema mál séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KKÍ

**2. MARKMIÐ**

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um aga- og úrskurðarmál KKÍ. Markmið hennar er einnig að sameina öll þau mál er upp koma innan KKÍ er varða agamál, sem aganefnd KKÍ fjallaði um áður, sem félagaskiptanefnd KKÍ fjallaði um og kærur sem dómstóll KKÍ fjallaði um sem fyrsta dómstig, undir einn og sama úrskurðaraðilann, aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.

**3. LÖGSAGA OG HLUTVERK**

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KKÍ. ~~Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KKÍ.~~

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ úrskurðar í öllum agamálum KKÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum, sem upp koma innan körfuknattleikshreyfingarinnar. Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur nokkuð eftir þessari skiptingu.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KKÍ, reglugerð þessari og öðrum reglugerðum KKÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Körfuknattleikssambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og öðrum reglum.

Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Körfuknattleikssambands Íslands, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 104 Reykjavík og skal KKÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

**4. SKIPAN OG HÆFI**

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þrem mönnum. Skulu þeir kosnir á Körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður. Formaður ákveður nánar verklag.

Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef:

- a) Hann er aðili máls eða fyrirvarsmaður aðila.
- b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
- c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
- d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í lið d.
- f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
- g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

Stjórn KKÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

## **5. ALMENNAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR**

### ~~Almennar málsmeðferðarreglur~~

Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt eftir því hvort um agamál er að ræða eða kærsmål vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KKÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd skal ~~halda fund á~~ halda fund á kveða upp úrskurði á þriðjudögum. Almennu skulu ~~ög skulu~~ öll mál sem borist hafa til skrifstofu KKÍ með sannarlegum hætti fyrir kl. 13:00 mánudaginn á undan tekin fyrir.

Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi til úrslausnar einstakra mála. Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati dómsformanns, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara.

~~Í úrslitakeppni allra flokka skal nefndin kvödd saman um leið og kæra berst skrifstofu KKÍ. Formaður nefndarinnar ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum til gagnaöflunar og skýrslugjafar í þeim málum, en málshraði skal vera eins mikill og kostur er. Í agamálum er nefndinni Nefndinni er heimilt er með samþykki allra nefndarmanna að halda fundi nefndarinnar með aðstoð síma eða annarra fjarskiptatækjum, at.d. síma eða tölvupóstum, enda leiki ekki vafi á afstöðu hins fjarstadda nefndarmanns.~~

Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Körfuknattleikssambandi Íslands eða öðrum þeim er málið getur varðað.

Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur



formaður hennar tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra KKÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

## 6. SÉRSTAKAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR VEGNA AGAMÁLA

Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í leikjum í mótum á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, fyrirtækjabikar, meistarakeppni og landsleikir) enda fjalli hvorki FIBA World né FIBA Europe um málið. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KKÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aga- og úrskurðarnefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, s.s.t.d. varðandi brottvísun eða tæknivillu.

Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs ~~sem fær brottvísun~~ hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings-tveggja sólarhringja frá því að leik lýkur vegna kæransleigs atviks í leiknum. Viðkomandi skal fá afrit gagna frá skrifstofu Körfuknattleikssambands Íslands. Skal viðkomandi ~~og~~ koma með sínar athugasemdir ~~innan eins sólarhringsinnan frestsins~~. Ef athugasemdir koma fram eftir frestinn er nefndinni ekki skylt að líta til þeirra við ákvörðun sína. Í úrslitakeppni er andmælaréttur þessi einungis einn sólarhringur frá kæransleigu atviki.

Í úrslitakeppni allra flokka skal nefndin kvödd saman um leið og kæra berst. Skal nefndin kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem auðið er. Ef um er ræða síðasta leik í deildarkeppni skulu sömu reglur gilda.

Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að taka til meðferðar kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óbyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

## 7. SÉRSTAKAR MÁLSMEÐFERÐARREGLUR VEGNA KÆRUMÁLA

Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.
- b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.
- c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.
- d) Skýr kröfugerð.

- e) Lýsing helstu málavaxta.
- f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
- g) Lýsing á helstu röksemdum.
- h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.
- i) Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KKÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KKÍ til efnislegrar meðferðar.

Fyrir kæru forsvarsmanns félags á hendur leikmanni, dómara eða félagi, skal kærandi leggja fram kr. 15.000 tryggingu til KKÍ, sem endurgreiðist ef kærði fær áminningu, er dæmdur í bann eða sekt. Fyrir kæru frá dómara eða stjórn KKÍ skal trygging ekki lögð fram. Heimilt er að dæma kærðum ómaksþóknun úr hendi kæranda enda sé kærán tilhæfulaus

Nefndin Skrifstofa KKÍ skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærði hefur a skal gefinn allt að sjö 7 daga frest til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 7 gerðar eru til kæru, eftir því sem við getur átt. Nefndinni er heimilt að lengja þennan frest ef rökstudd beiðni kærða (varnaraðila) berst þar um.

Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.

Telji dómsformaður augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum KKÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

Heimilt er að dæma kærðum ómaksþóknun úr hendi kæranda enda sé kærán tilhæfulaus.

## 8. FRESTIR

### Kærumál

Kæru vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KKÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er þar vikæranlegu atvikið- og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kærán eftir að tímamörk eru liðin vísar skal nefndin vísa kærinni frá.

Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla, sbr. staflíði a. - i. í ákvæði 7. gr. reglna þessara, hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.

Agamál

Ef skýrsla Kæra dómara berst ekki til skal berast aga- og úrskurðarnefnd innan 2 sólarhringa frá kæránlegu atviki eða hún verið póstlögð næsta virka dag eftir að leikurinn fór fram, og skulu almennir frídagar ekki teljast með. Ef kæra berst eftir þann frest er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi máli kæru frá.

Kæra vegna agamála frá öðrum aðila en dómara vegna agamála skal berast innan 3 sólarhringa frá kæránlegu atviki og skulu almennir frídagar ekki teljast með. Ef kæra berst eftir þann frest er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi kæru frá.

Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.

**9. ÚRSKURÐIR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR**

Uppkvaðning úrskurða í kærumálum og gildistaka

Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.

Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Heimilt er að krefjast endurupptöku úrskurða í kærumálum ef úrskurður hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Sá aðili sem krefst endurupptöku ber sönnunarbyrði fyrir því að úrskurður byggist á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

Uppkvaðning úrskurða í agamálum og gildistaka

Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka ~~hins vegar~~ almennt gildi kl. 12 á hádegi næsta fimmtudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi.

Í úrslitakeppni allra flokka taka úrskurðir í agamálum gildi um leið og þeir hafa verið birtir. Það sama gildir um atvik sem gerast í síðasta leik í deildarkeppni.

Ef augljóst er að mati nefndarinnar, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KKÍ, þá skal aga- og úrskurðarnefndin halda aukafund sbr. gr. 5 í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál, og leiðréttu úrskurð eða kveða upp nýjan. Sá úrskurður skal taka gildi um leið og hann hefur verið birtur..á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

**10. ~~EFNI~~ ÚRSKURÐIRA**

Formaður aga- og úrskurðarnefndar skal halda utan um úrskurði nefndarinnar og almenn nefndarstörf.

Jafnframt skal skrifstofa KKÍ halda utan um úrskurði nefndarinnar og birta þá jafnóðum á heimasíðu KKÍ.

Stjórn KKÍ er heimilt að krefjast endurrita af samskiptum nefndarmanna ef tilefni þykir til. Slíkt endurrit er með öllu óheimilt að birta almenningi.

*Úrskurðir í kærumálum*

Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum og eftir því sem við á í agamálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram á lágmarki:

- a) Hverjir séu aðilar máls.
- b) Kröfugerð og málavaxtalýsing.
- c) Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
- d) Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
- e) Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
- f) Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afli atkvæða innan nefndarinnar ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega. Í úrskurði skal koma fram hverjir standa að baki honum.

*Úrskurðir í agamálum*

Úrskurðir í agamálum skulu almennt ekki vera rökstuddir og skal vera nægilegt að kveða einungis upp úrskurðarorð.

Nefndinni er heimilt í meiriháttar agamálum að rökstyðja úrskurð sinn.

**11. BIRTING ÚRSKURÐA**

~~Nefndin~~ Skrifstofa KKÍ sendir málsaðilum ~~staðfest endurrit úrskurða~~ úrskurði jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KKÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða símbréfs hvílir alfarið á móttakanda.

Úrskurður nefndarinnar skal einnig birtur á heimasíðu KKÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

**12. VIÐURLÖG OG REFSINGAR** ~~Viðurlög í kærumálum~~

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:

- a) Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.
- b) Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan körfuknattleikshreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
- c) Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan körfuknattleikshreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
- d) Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málgrundvöllinn tilefnislausan.

Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:

- a) Áminningu eða ávítum.
- b) Banni við hvers konar störfum eða aðkomu að kappleikjum.
- b) Ávítur
- c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum KKÍ, sem renna til KKÍ.
- d) Ákveðið sektir á aðildarfélög KKÍ.
- e) Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir KKÍ tiltaka og heimila.

### 13. VIÐURLÖG VIÐ AGABROTUM

Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

- a) Sé leikmanni vísað af leikvelli vegna tveggja óíþróttamannslegra villn eða hafi honum verið vísað af velli fyrir að hafa yfirgefið svæði varamanna við slagsmál, eða aðstæður sem leitt gætu til slagsmála, sem hann að öðru leyti tók ekki þátt í, skal viðkomandi almennt áminntur af aga- og úrskurðarnefnd. Ef leikmanni er vísað aftur af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta eins leiks banni. Ef leikmanni er oftár vísað af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.
- b) Sé þjálfara eða leikmanni vísað af velli vegna tveggja tæknivillna skal hann almennt sæta eins leiks banni. Sé þjálfara eða leikmanni aftur vísað af velli vegna tveggja tæknivillna innan sama leiktímabils skal hann sæta tveggja leikja banni. Ef þjálfara eða liðstjóra er oftár vísað af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

Ef dómari vísar aðila (leikmanni, þjálfara eða liðsstjóra) af leikvelli eða keppnisstað, skal viðkomandi að jafnaði úrskurðaður í eins leiks bann. Við aðra brottvísun á keppnistímabilinu skal viðkomandi að jafnaði úrskurðaður í tveggja leikja bann, og fyrir þriðju og síðari brottvísanir á keppnistímabilinu skal viðkomandi aðili úrskurðaður í leikbann eftir mati aga og úrskurðarnefndar.

cþ) Hafi aðila einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða, ófsalega ósæmilega framkomu framkomu skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotþoli. Sé sama einstaklingi aftur vísað af velli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils skal hann sæta tveggja eða þriggja leikja banni. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotþoli. Ef einstaklingi er oftár vísað af leikvelli vegna sömu ástæðna og að framan greinir innan sama leiktímabils er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum.

